



Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2024



Fjárhagsáætlun 2024



Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2024 er lögð fram og unnin samkvæmt fyrirmælum [sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011](#).

Vinnuferli
fjárhagsáætlunar

Forsendur
fjárhagsáætlunar

Rekstur, fjárfestingar og
framkvæmdir

Yfirlit
málaflokka




Vinnuferli fjárhagsáætlunar



Forstöðumenn og sviðsstjórar

Gerð og yfirferð vinnubóka, millifærslna, launabreytinga og framkvæmda- og viðhaldsáætlana



Fastanefndir

Yfirferð gjaldskráa og framkvæmda- og viðhaldsáætlana



Bæjarráð

Samþykkir forsendur, tekjuáætlun og fjárhagsramma.
Fjallar um drög að fjárhagsáætlun.



Bæjarfulltrúar, bæjarstjóri og sviðsstjórar

Vinnufundur

Bæjarstjórn


Samþykkir tillögur að gjaldskrá
Fjallar um og samþykkir fjárhagsáætlun á tveimur fundum



Forsendur fjárhagsáætlunar



Samkvæmt fyrirætlum [sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011](#) skal bæjarráð leggja fyrir bæjarstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir.



Fjárhagsáætlun sveitarfélags er bindandi fyrir allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins, samkvæmt 63. gr. sveitarstjórnarlaga. Einungis er hægt að víkja frá fjárhagsáætlun með því að samþykkja viðauka við áætlunina.




Meginlagaheimild sveitarfélaga til að leggja á skatta og þjónustugjöld kemur úr [lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995](#)



Forsendur fjárhagsáætlunar

Tekjustofnar sveitarfélaga


- Útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði.
- Eignir og eigin atvinnurekstur
- Stofnanir sem reknar eru í almenningsþágu:
 - Vatnsveitur
 - Rafmagnsveitur
 - Hitaveitur
- Ýmsar aðrar tekjur:
 - Holræsagjald
 - Lóðaleiga
 - Leyfisgjöld
 - Þjónustutekjur



Útsvar

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Útsvarshlutfall í áætlun 2024 er 14,74%.

Í útkomuspá 2023 er gert ráð fyrir að útsvarsstofn hækki um 6,5% milli áranna 2022 og 2023. Lagt er til að útsvarsgreiðslur fyrir árið 2024 verði áætlaðar 3.000 m.kr. samanborið við 2.800 m.kr. í áætlun 2023.




Hægri mælikvarðinn er fyrir þróun launavísitölu.

Útsvar

Á árinu 2022 fjölgaði íbúum sveitarfélagsins um 0,63% og voru 3.864 í ársbyrjun 2023.

Þann 1. desember 2023 er fjöldi skráðra íbúa Ísafjarðarbæjar 3.932 og er því 1,75% fjölgun frá áramótum.


Íbúafjöldi í Ísafjarðarbæ
Miðað við 1. janúar ár hvert



Fasteignagjöld

Fasteignaskattur er þriðji stærsti tekjustofn sveitarfélagsins og er lagður árlega á flestar fasteignir í sveitarfélaginu sem metnar eru fasteignamati, samkvæmt fasteignaskrá.

Hlutfall fasteignaskatts lækkar á íbúðarhúsnæði árið 2024 og verður 0,54% af hús- og lóðarmati. Hlutfall fasteignaskatts af öðrum fasteignum verður áfram 1,65% af hús- og lóðarmati. Heildarhækkun tekna vegna fasteignagjalda árið 2023 er 8,54% miðað við tekjur ársins 2022. Fasteignagjöld 2024 eru áætluð 967 m.kr.



Hægri mælikvarðinn er fyrir þróun fasteignamats og er í þ.kr.



Forsendur fjárhagsáætlunar

Jöfnunarsjóður

Jöfnunarsjóður ein þriggja meginstoða tekjuöflunar sveitarfélaga en hlutverk sjóðsins er að jafna mismunandi útgjaldapörf og skatttekjur sveitarfélaga.

Framlög Jöfnunarsjóðs skiptast í fjóra flokka:

- Sérstök framlög, svo sem vegna sameiningar sveitarfélaga eða fjárhagserfiðleika
- Jöfnunarframlög sem skiptast í tekjujöfnunarframlag og útgjaldajöfnunarframlag
- Jöfnunarframlag vegna reksturs grunnskóla
- Jöfnunarframlag vegna þjónustu við fatlaða.




Forsendur fjárhagsáætlunar

Jöfnunarsjóður

Í endurskoðaðri áætlun Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir heildarframlagi að fjárhæð 1.171,4 m.kr.

Á árinu 2024 er heildarframlag Jöfnunarsjóðs áætlað um 2.030 m.kr. Þar af eru 618,1 m.kr. vegna málefna fatlaðs fólks.


Þróun greiðslna úr Jöfnunarsjóði 2020-2024



Stöðugildi

Í áætlun 2024 er gert ráð fyrir að stöðugildi hjá Ísafjarðarbæ verði 324,8 og fækkar um 11 stöðugildi frá áætlun 2023 með viðaukum.



Skipting stöðugilda eftir deildum í áætlun 2024



Forsendur fjárhagsáætlunar

Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður er áætlaður út frá stöðugildum og tekur mið af gildandi kjarasamningum.




Rekstur, fjárfestingar og framkvæmdir

Fjárhagsáætlun A- og B-hluta — Rekstrarniðurstaða

Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2024 gerir ráð fyrir 452 milljóna króna afgangi á A- og B-hluta sveitarfélagsins á næsta ári. Rekstur A-hluta verður jákvæður um 186 milljón króna á árinu 2024 samkvæmt áætlun.


Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 10,3% af heildartekjum eða 1.092 milljónir króna.



Rekstur, fjárfestingar og framkvæmdir

Efnahagur


Efnahagur A- og B-hluta



Fjárfestingar


Á árinu 2024 er áætlað að fjárfestingar Ísafjarðarbæjar nemi 1.324 m.kr. og áætlaður beinn kostnaður sveitarfélagsins er 895 m.kr.

Fjárfestingar A-hluta



- Íþróttamannvirki
- Skólahúsnaði
- Ofanflóðamannvirki
- Annað húsnaði
- Gatnakerfi
- Gatnagerðagjöld
- Opin svæði
- Bifreiðar, vélar, tæki
- Þjónustumiðstöð

Fjárfestingar B-hluta




- Hafnasjóður
- Vatnsveita
- Þjónustuíbúðir
- Eyri
- Fráveita
- Funi



Rekstur, fjárfestingar og framkvæmdir

Fjárfestingar

Fjárfestingar næstu fjögurra ára eru áætlaðar alls 3.719 m.kr.



Yfirlit málaflokka

Velferðarsvið

Skóla- og tómstundasvið

Stjórnsýslu- og fjármálasvið


Umhverfis- og eignasvið

Fasteignir Ísafjarðarbæjar

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar

Hafnasjóður

Byggðasafn Vestfjarða



Velferðarsvið

Málaflokkarnir sem heyra undir velferðarsvið Ísafjarðarbæjar eru:

Félagsleg aðstoð

- Fjárhagsaðstoð
- Stuðningsþjónusta
- Sérstakar húsnæðisbætur
- Afsláttur af fasteignagjöldum aldraðra og öryrkja

Þjónusta við aldraða


- Félagsstarf
- Matarþjónusta
- Dagdeild

Þjónusta við börn og unglinga

- Barnavernd

Þjónusta við fatlað fólk

- Frístundaþjónusta
- Ferðaþjónusta
- Búsetur
- Skammtí mavistun
- Stuðningsfjölskyldur
- Hvesta




Velferðarsvið

Félagsleg aðstoð


Áætlaður kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar er samtals 14,8 m.kr. árið 2024 og lækkar lítillega frá fyrra ári.

Áætlaðar eru 4 m.kr. vegna sérstakra húsnæðisbóta.

Fjárhagsaðstoð




Sérstakar húsnæðisbætur



Þjónusta við börn og unglinga


Barnaverndarnefnd hefur verið lögð niður en sveitarfélögin á Vestfjörðum tóku þátt í stofnun umdæmisráðs ásamt flestum sveitarfélögum landsins utan höfuðborgarsvæðisins. Áætlun í barnavernd er óvissuþáttur í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 þar sem ekki hefur verið samið um vinnslu mála og tekjur og gjöld samfara því.



Málefni fatlaðra

Ísafjarðarbær er orðið leiðandi sveitarfélag í málefnum fatlaðra á Vestfjörðum. Breytingar munu vera gerðar á útfærslu þjónustunnar sem og kostnaðarskiptingar á milli aðildarsveitarfélaganna. Fyrir dyrum stendur endurskoðun á ráðgjöf og stjórnun, öllu verklagi, reglum og öðrum sameiginlegum liðum.


Málefni fatlaðra



Skóla- og tómstundasvið

Skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar hefur umsjón með skólum, leikskólum, íþróttamannvirkjum og öðrum fræðslu- og tómstundatengdum málum. Gert er ráð fyrir að verja um 3.173 m.kr. til fræðslu- og tómstundamála á árinu 2024 sem er um 267,6 m.kr. hækkun milli ára eða um 8%.

Þróun kostnaðar fræðslumála og æskulýðs- og íþróttamála 2020-2024




Skóla- og tómstundasvið

Leikskólar


Ísafjarðarbær rekur fimm leikskóla auk þess að veita framlög til reksturs eins einkarekins leikskóla. Áætlaður fjöldi leikskólabarna á árinu 2024 er 232.

Áætlaður kostnaður Ísafjarðarbæjar við hvert leikskólabarn er að meðaltali um 3,8 m.kr. á ári og er kostnaðarþátttaka foreldra um það bil 13,8% af þeirri upphæð.

Rekstrarkostnaður leikskóla





Áætlaður kostnaður við hvert barn á leikskólum 2024



Skóla- og tómstundasvið

Grunnskólar


Ísafjarðarbær rekur fjóra grunnskóla og um það bil 490 nemendur sækja þá. Áætlaður kostnaður per nemanda er að meðaltali 2,63 m.kr.



Skóla- og tómstundasvið

Íþróttta- og æskulýðsmál

Útgjöld til íþróttta- og æskulýðsmála eru áætluð 667 m.kr. og hækka útgjöld til málaflokksins um 9% eða 59 m.kr. frá árinu 2023. Meginkostnaður við rekstur málaflokksins er starfsemi íþróttamannvirkja. Samtals nemur kostnaður við rekstur þessara mannvirkja 1.569 m.kr.




Súlurnar nota vinstri mælikvarðann og línan sem sýnir samtals kostnað notar hægri mælikvarðann.

Stjórnsýslu- og fjármálasvið


Á málaflokk 21 er færður kostnaður af stjórnsýslu- og fjármálasviði Ísafjarðarbæjar auk ýmiss sameiginlegs kostnaðar sem er ekki hluti af almennum rekstri bæjarins.

Rekstrarkostnaður 2024



- Laun
- Styrkir og framlög
- Annar starfsmannakostnaður
- Vörukaup
- Þjónustukaup

Þróun rekstrarkostnaðar 2020-2024




- Rekstrarniðurstaða
- Laun
- Annar starfsmannakostnaður
- Þjónustukaup
- Tekjur
- Styrkir og framlög
- Vörukaup
- Samtals




Stjórnsýslu- og fjármálasvið

Þróun rekstrarniðurstöðu
2020-2024




Þróun launa
2020-2024




Stjórnsýslu- og fjármálasvið

Önnur útgjöld 2024



- Styrkir og framlög
- Annar starfsmannakostnaður
- Vörukaup
- Þjónustukaup

Þróun annarra útgjalda 2020-2024




- Styrkir og framlög
- Annar starfsmannakostnaður
- Vörukaup
- Þjónustukaup




Umhverfis- og eignasvið

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar hefur umsjón með málaflokkum 8-11 sem eru: Hreinlætismál, skipulags- og byggingamál, umferðar- og samgöngumál, umhverfismál og atvinnumál.

Áætlun 2024




Þróun kostnaðar 2020-2024




Snjómokstur

Kostnaður við snjómokstur og hálkueyðingu er nokkuð breytilegur milli ára og er gert ráð fyrir að hann verði 58,5 m.kr. árið 2024, sem er aðeins lægra en meðaltal síðastliðinna fimm ára. Kostnaður við snjómokstur samkvæmt ársreikningi 2022 var 77,7 m.kr.



Umhverfis- og eignasvið

Vatnsveita



Um vatnsveitur í eigu sveitarfélaga gilda [lög nr. 32 frá 2004](#) og [reglugerð nr. 401 frá 2005](#).



Miða skal við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum vatnsveitna af sölu vatns standi undir rekstri hennar.





Í gjaldskrá vatnsveitu árið 2023 var miðað við að vatnsgjald væri 0,02% af fasteignamati íbúðarhúsa og íbúðarlóða og 0,3% af fasteignamati atvinnuhúsnæðis. Í nýrri gjaldskrá vatnsveitu fyrir 2024 er miðað við fast gjald á hverja fasteign fyrir sig, auk álags vegna stærðar fasteignar. Ólík gjöld eru fyrir íbúðarhúsnæði annars vegar og annað húsnæði hins vegar.




Vatnsveita

Í áætlun 2024 er reiknað með að heildartekjur vatnsveitunnar verði 65 m.kr. Þjónustugjöld fasteigna eru þar af um 42,5 m.kr. Áætlað er að tap vatnsveitu verði um 17 m.kr. á árinu 2024, sem er lækkun um 23 m.kr. frá 2023.

Tekið var mið af viðhaldspörf síðustu ára við viðhaldsáætlun 2024. Óvenju mikið viðhald var á árinu 2023 vegna malbikunar og því væntingar um að þörfin verði ekki eins mikil á árinu 2024.



Fráveita



Um uppbyggingu og rekstur fráveitna í eigu sveitarfélaga gilda [lög nr. 9 frá 2009](#) og [reglugerð nr. 982 frá 2010](#). Þar segir að miða eigi við að fráveitugjald ásamt öðrum tekjum fráveitu standi undir rekstri hennar og uppbyggingu.



Gjaldskrá fráveitu hefur verið tekin til umtalsverðar endurskoðunar. Í gjaldskrá fráveitu fyrir 2023 var miðað við að fráveitugjald væri 0,15% af fasteignamati íbúðarhúsa og íbúðarlóða og 0,3% af fasteignamati atvinnuhúsnæðis. Í nýrri gjaldskrá fráveitu fyrri 2024 er miðað við fast gjald á hverja fasteign fyrir sig, auk álags vegna stærðar fasteignar. Sama gjald er fyrir bæði íbúðarhúsnæði og annað húsnæði.




Fráveita


Rekstrarafgangur fráveitunnar er áætlaður 40 m.kr. fyrir árið 2024 samanborið við 44 m.kr. í áætlun 2023.

Tekið var mið af viðhaldspörf síðustu ára við áætlun 2024, en óvenju mikið viðhald var á árinu 2023 vegna malbikunar og því væntingar um að þörfin verði ekki eins mikil á árinu 2024.

Rekstur fráveitu



Viðhald fráveitu





Umhverfis- og eignasvið

Fasteignir Ísafjarðarbæjar

Gert er ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu Fasteigna Ísafjarðarbæjar, um 65,87 m.kr. árið 2024.

Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða og söluhagnaðar er jákvæð um 32,7 m.kr. Áætluð fjármagnsgjöld eru 68,6 m.kr. og söluhagnaður 101,8 m.kr.



Á árinu 2024 er ráðgert að selja sex íbúðir Fastís. Jafnframt á sér stað samtali við óhagnaðardrifið leigufélög um mögulega yfirtöku á hluta eignasafnsins.



Umhverfis- og eignasvið

Fasteignir Ísafjarðarbæjar



Gert er ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu Fasteigna Ísafjarðarbæjar, um 65,87 m.kr. árið 2024. Gert er ráð fyrir 18,7 m.kr. í viðhald á eignum Fastís.



Slökkvilið Ísafjarðarbæjar

Rekstrarkostnaður slökkviliðs eykst um 13 m.kr. milli ára, ekki síst vegna kjarasamningsbundinna hækkana.


Samningur við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um sjúkraflutninga miðar við 350 flutninga á ári, 60,2 m.kr. á árinu 2024.




Hafnasjóður

Áætlaðar tekjur Hafnasjóðs árið 2024 eru 665,4 m.kr.

Próun tekna Hafnasjóðs 2020-2024




Próun á rekstri Hafnasjóðs 2020-2024



Hafnasjóður

217 skemmtiferðaskip eru bókuð til hafna Ísafjarðarbæjar 2024. Árið 2023 voru 209 skip bókuð en 187 komu og er gert ráð fyrir svipuðum afföllum árið 2024.

Fjöldi skipa 2020-2025




Byggðasafn Vestfjarða

Rekstraraðilar Byggðasafns Vestfjarða eru Ísafjarðarbær, Súðavíkurbær og Bolungarvíkurkaupstaður og skiptist rekstrarhlutdeild þeirra eftir íbúafjölda.

Gert er ráð fyrir að rekstrarframlag sveitarfélaga hækki á milli ára og verður hlutur Ísafjarðarbæjar 30,46 m.kr. árið 2024.

Rekstrarframlög vegna Byggðasafns Vestfjarða 2021-2024



Byggðasafn Vestfjarða

Gestir safnsins, Smiðjan á Þingeyri ekki með talin, það sem af er árinu 2023 eru 16.500 en árið 2022 voru þeir 11.200.

Gestafjöldi á Byggðasafni Vestfjarða

